

Reykjavík, 22. nóvember 1990.

Menntamálanefnd efri deildar Alþingis,
form. Eiður Guðnason.

Alþingi

Erindi nr. D 113/63

komudagur 26/11 1990

Heiðraða nefnd,
Öryrkjabandalag Íslands þakkar menntamálanefnd það að fá til
umsagnar frumvarp til laga um samskiptamiðstöð heyrnarlausra og
heyrnarskertra.

Ef að lögum verður er hér komið heilu í höfn brýnu baráttumáli
heyrnarlausra og aðstandenda þeirra, sem hefur hlotið fullan
stuðning heildarsamtakanna - Öryrkjabandalagsins.

Öryrkjabandalag Íslands telur ótvírætt að frumvarpið feli í sér
þau markmið og verkefni, sem brýnust eru og þýðingarmest. Þetta
verða greinilega hin ágætustu rammalög, þar sem öll helstu atriði
koma glögglega fram.

Við fögnum því einnig sérstaklega að í fjárlagafrumvarpi fyrir
næsta ár er að finna 5.3 millj. kr., sem falla nú undir Heyrn-
leysingjaskólann, en munu færast yfir á samskiptamiðstöðina,
þegar hún verður að virkileika.

Það er ómetanlegt þegar fjármagn er þannig í upphafi tryggt og
treystir svo vel grundvöll lagasetningarinnar.

Öryrkjabandalagið vill benda eindregið á nauðsyn þess að við
reglugerðarsetningu svo og alla frummótun samskiptamiðstöðvar-
innar verði haft sem nánast samráð við Félag heyrnarlausra og
Foreldra-og styrktarfélag heyrnardaufra um leið og því er fagnað
að þau félög skuli eiga beina aðild að stjórn samskiptamið-
stöðvarinnar. Skoðun Öryrkjabandalagsins er sú að sem ríkust
aðild heyrnarlausra að stjórnun og stefnumótun sé knýjandi.

Við heitum á Alþingi að afgreiða þetta þarfa mál sem allra fyrst.

F.h. Öryrkjabandalags Íslands,

Arnpór Helgason

(Arnpór Helgason)
- form.-

Helgi Seljan

(Helgi Seljan)
- félagsmálafulltr.-